



**Ávarp forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar,
á 50 ára afmæli Selfoss,
12. júlí 1997**

Kæru Selfossbúar.
Heiðruðu hátíðargestir.

Brúin. Tákn nýrra tíma í aðdraganda aldar sem nú er senn á enda.

Brúin. Tákn nýrrar tækni sem opnaði þjóðinni leiðir frá fátækt til framfara.

Brúin. Tákn ykkar byggðar, upphaf að þróun bæjarins, sönnun þess hvernig hugvit og atorka sigrast á tálmunum fyrri tíðar.

Þegar Selfossbúar efna nú til hátíðar á hálftrar aldar afmæli sveitarfélagsins leitar hugurinn til þeirra sem við lok síðustu aldar hófu byltingu í samgöngu Íslendinga með gerð hengibrúar á Ölfusá.

Hagleikssmiður sem síðar stýrði banka landsins og var í forystusveit á örlagaskeiði sjálfstæðisbaráttunnar sýndi hér við fljótið hvernig fátæk þjóð bænda og fiskimanna gat sótt fram til betri tíma.

Þegar aldamótum var síðast heilsað var brúin á Ölfusá mesta mannvirki Íslendinga, hvatning til landsmanna allra að halda ótrauðir til móts við nýja öld, framkvæmd sem blés öðrum kraft í brjóst til að gera betur.

Senn eru aftur aldamót og Selfossbær getur á ný orðið þjóðinni fyrirmynd um brúarsmíð til nýrra tíma, vegvísir um atvinnuhætti og samfélagsgerð sem mótuð er af öldum breytinga sem óðum marka heiminn allan.

Byggð sem rekur upphaf sitt til brúargerðar getur nú á táknrænan hátt verið íslensku samfélagi fyrirmynd um braut til nýrra tíma, fordæmi um nýtt samspil atvinnu og menningar.

Þegar hengibrú kom á Ölfusá, röskum áratug áður en Íslendingar fengu Heimastjórn, voru landbúnaður og sjávarútvegur megingreinar

atvinnulífsins, höfðu verið það um aldir og urðu reyndar einnig á þeirri öld sem við þekkjum af eigin raun.

Nú sjáum við hins vegar ekki aðeins aðra brú á Ölfusá heldur einnig daglegar vísbendingar um að sjálfur grundvöllurinn í hagkerfi heimsins sé að taka slíkum stakkaskiptum að samspil atvinnuhátta og efnahags verði senn, ef ekki nú þegar, allt annað en fyrrum.

Áður skóp frumframleiðslan, vinnsla afurða lands og sjávar í einfaldri mynd, tekjur og arð. Nú eru hlutföllin óðum á þann veg að þjónusta og viðskipti, menntun og sam hjálþ eru sá vettvangur sem ört vex og veitir æ fleirum atvinnu og góðan efnahag.

Vissulega hafa slíkar breytingar mikil umbrot í för með sér, líkt og stórfljót sem brýtur sér farveg að vori. Margir efast um að slíkar greinar geti verið traustar forsendur framfara og bættra líf skjara. Samt sýnir þróunin um heim allan að einmitt slík umskipti eru nauðsynleg brúarsmíð, tengibraut þess sem verður og hins sem var.

Hér á Selfossi veitast okkur fjölþættar sannanir um gróskuna sem býr í þessum nýja garði, sýnishorn af sífelldri sköpun nýrra tækifæra sem á skömmum tíma hafa gert Selfoss að einstaklega blómlegri byggð.

Hér hafa eflst og dafnað fyrirtæki í þjónustu, viðskiptum og fullvinnslu afurða.

Hér hafa menntastofnanir frá leikskólum til fjölbrautar skotið traustum stöðum undir vöxt bæjarins og búið æsku byggðarlagsins góða kosti.

Hér birtist í daglegri önn sönnun þess hvernig þjónusta, viðskipti og menntun eru hreyfiafl breyttra tíma, ekki aðeins í heimabyggð heldur og um heim allan; þjónusta, viðskipti og menntun, vaxtagreinar atvinnulífs á nýrri öld, sú þrenning sem mestu mun ráða um blómlegan hag í byggðum landsins.

Ég hef á nýliðnum vikum vakið athygli á því að um þessar mundir hafa hátíðarhöld vísað veginn að vaxtarbæjum fyrir sunnan, austan og vestan, vaxtarbæjum sem allir hafa skarað fram úr á tímaskeiði sem oft er í umræðu merkt vanda og jafnvel afturför landsbyggðar.

Afmæli Selfoss og Egilstaða, helguð hálftrar aldar markinu, öldin heil á Höfn í Hornafirði og glæsileg hátíð íþróttu og æsku í Borgarnesi sýna okkur nauðsyn þess að skoða frekar árangur en erfiðleika.

Þegar landbúnaður á í vök að verjast og vandi landsbyggðar er viðvarandi dagskrárefni þá er vert að hugleiða vel og rækilega þá þróun og leita í henni lærdóma að allir þessir vaxtarbærir hafa eflst í nábýli við sveitir, sótt þangað efnivið í atvinnu og framfarir, gert samspil landbúnaðar og þéttbýlis að auðlind og uppsprettu nýrra tækifæra.

Öll þessi byggðarlög hafa einnig notið góðs af samvinnu og samstarfi bænda og bæjarbúa. Þau hafa verið heimkynni öflugra fyrirtækja sem starfað hafa í anda hugsjóna samvinnu og samhugar. Þrátt fyrir erfiðleika í hreyfingu samvinnustarfs á liðnum árum eru slík félög öflugustu stoðirnar í framfararsókn þessara hátíðarbæja.

Kaupfélag Árnesinga, Mjólkurbú Flóamanna, Sláturfélag Suðurlands eru glæsileg staðfesting á getu rótgróinna samtaka og fyrirtækja að tileinka sér takt og tækifæri nýrra tíma. Að mikilvægt er, eins og sést hér á Selfossi, að deila framfararskeiði með fjölda annarra fyrirtækja, öflugum menntastofnunum, traustri samfélagsþjónustu og þróttmiklu starfi á vettvangi íþróttar, mennta og lista sem við hjónin höfum fengið fjölmörg tækifæri til að kynnast hér í dag.

Selfoss heilsar nýrri öld með nýsköpun og krafti, bjartsýni og áræðni sem orðið getur öðrum fyrirmynd um gott mannlíf og traust samfélag.

Bærinn er öflug sönnun þess að við Íslendingar eigum ótal sóknarfæri í þeirri nýju veröld sem nú sækir sér svipmót um heim allan.

Megi brúin sem er tákn bæjar ykkar verða í hugum okkar allra ímynd þeirrar brautar sem leitt getur Íslendinga, þjóðina alla, til framfara, menningar og betra mannlífs á nýrri öld.

Kæru Selfossbúar. Við Guðrún Katrín óskum ykkur allra heilla í framtíðinni og þökkum ykkur góðar gjafir og hlýjar viðtökur. Við þökkum boðið um að taka þátt í glæsilegum hátíðarhöldum og samfögnum ykkur með þann árangur sem náðst hefur í þróun byggðarinnar, árangur sem hér blasir við um bæinn allan.

Til hamingju með afmælið.